

## Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Vesturlands 9. september 2011 í máli nr. Q-1/2011:

**Ingvar J. Karlsson**

*(Gunnar Sólnes hrl.)*

**gegn**

**Guðrún Soffía Karlsdóttur**

*(Ingi Tryggvason hdl.)*

Mál þetta var þingfest 15. febrúar 2011 og tekið til úrskurðar 30. ágúst sama ár. Sóknaraðili er Ingvar J. Karlsson, Vesturhlíð 9 í Reykjavík, en varnaraðili er Guðrún Soffía Karlsdóttir, Selbraut 72 á Seltjarnarnesi.

Sóknaraðili krefst þess að dánarbú Soffíu Stefánsdóttur, sem fæddist 6. október 1888 en andaðist 26. janúar 1930, síðast til heimilis að Munaðarnesi í Borgarbyggð (þá Stafholtstungnahreppi), verði tekið til opinberra skipta. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað og að honum verði gert að greiða málskostnað með álagi.

I

Hinn 14. júlí 1928 gengu í hjúskap Soffía Stefánsdóttir og Magnús Einarsson. Fyrir átti Soffía dótturina Helgu Stefáns Ingvarsdóttur, móður málsaðila, en hún fæddist 28. desember 1924. Faðir Helgu var Ingvar Guðjónsson, útgerðarmaður á Siglufirði. Í hjúskap sínum eignuðust Soffía og Magnús tvo drengi en þeir létust báðir barnungir. Hjónin bjuggu í Munaðarnesi, en Magnús var þinglýstur eigandi jarðarinnar frá árinu 1924. Soffía andaðist 26. janúar 1930, svo sem áður er komið fram.

Eftir andlát móður sinnar dvaldi Helga áfram hjá stjúpföður sínum í Munaðarnesi og ólst þar upp. Hinn 4. mars 1932 gekk Magnús að eiga Guðrúnu Guðbrandsdóttur, en þau eignuðust dótturina Katrínu Magnúsdóttur. Guðrún lést 22. september 1941 en Magnús andaðist 20. júlí 1973. Dóttir þeirra Katrín erfði Munaðarnes eftir föður sinn, en hún er þinglýstur eigandi jarðarinnar.

## II

Í kjölfar þess að Magnús Einarsson gekk að eiga síðari eiginkonu sína var tekin saman erfðafjárskýrsla 30. desember 1933, sem hafði að geyma yfirlit yfir eignir dánarbús Soffíu Stefánsdóttur. Samkvæmt skýrslunni voru eignir búsins jörðin Munaðarnes að matsverði 10.000 krónur, búfé að verðmæti 6.770 krónur og aðrar eignir að fjárhæð 855 krónur eða samtals 17.625 krónur. Frá þessu voru dregnar skuldir að fjárhæð 12.500 krónur og því nam hrein eign 5.125 krónum. Að teknu tilliti til búshelmings Magnúsar komu til skipta 2.562,50 krónur. Skýrslan er undirrituð af Magnúsi og Kristjáni F. Björnssyni fyrir hönd Helgu Stefáns Ingvarsdóttur. Hinn 30. desember 1934 var tekin saman erfðafjárskýrsla um erfðafjárskatt sem greiða bar af arfi eftir hina látnu. Samkvæmt skýrslunni nam arfur Magnúsar 640,63 krónum og þar af skattur að fjárhæð 8,08 krónur. Arfur Helgu nam 1.921,87 krónum og þar af skattur 26,33 krónur. Tekið er fram í prentuðum texta skýrslunnar að skattur hafi verið sendur reglulegum skiptaráðanda og þar er ritað ógreinilega að því er virðist með blýanti að 34,41 króna hafi verið móttakin. Skýrslan er undirrituð að Magnúsi og fyrrgreindum Kristjáni F. Björnssyni, fyrir hönd Helgu.

Hinn 18. janúar 1934 gaf Magnús út skuldabréf til Helgu Stefáns Ingvarsdóttur. Bréfið er svohljóðandi:

„Jeg Magnús Einarsson í Munaðarnesi, viðurkjenni hjer með að vera orðinn skuldugur Helgu Stefán stjúpdóttur minni kr. 1921,87 -eittþúsund níuhundruð tuttugu og eina kr. 87/100, sem er móðurarfur hennar. Af upphæð þessari greiði ég enga vexti til 18 ára aldurs hennar, en skuldbind mig hinsvegar til þess að annast uppeldi hennar til sama tíma. Til tryggingar fyrir skuld þessari svo og uppeldi skuldareigandans, veðset ég henni allar eigur mínar fastar og lausar, á eftir þeim veðböndum sem nú hvíla á þeim, þó er mér heimilt að veðsetja Kreppulánasjóði Íslands jörð mína Munaðarnes, eins og til vinnst.

Skuldabréfi þessu má þinglýsa á minn kostnað.“

Skuldabréf þetta var móttakið 3. október 1934 til innfærslu í veðmálabækur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og þinglesturs á næsta manntalsþingi Stafholtstungnahrepps.

Hinn 8. nóvember 1944 undirritaði Kristján F. Björnsson, sem tilgreindur var fjáráðamaður Helgu, svohljóðandi yfirlýsingu:

„Magnús Einarsson í Munaðarnesi hefur að fullu greitt móðurarf Helgu Magnúsdóttur að upphæð 1.925,00 -eittþúsund níuhundruð tuttugu og fimm, er því þar með veðbönd á eignum hans vegna þessarar skuldar brott fallin.“

Í kjölfar yfirlýsingarinnar var skuldabréfið mótttekið 22. nóvember 1944 til aflýsingar á næsta manntalsþingi Stafholtstungnahrepps.

### III

Hinn 5. maí 2006 andaðist Helga Stefáns Ingvarsdóttir, en erfingjar hennar voru málsaðilar og systir þeirra Hildur Halldóra Karlsdóttir.

Með bréfi 19. janúar 2011 krafðist sóknaraðili þess að dánarbú ömmu sinnar, Soffíu Stefánsdóttur, yrði tekið til opinberra skipta. Við fyrirtöku málsins 15. febrúar sama ár andmælti varnaraðili kröfunni og var mál þetta því þingfest til að leysa úr þeim ágreiningi, sbr. 1. mgr. 120. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991. Af hálfu Hildar Halldóru Karlsdóttur, systur málsaðila, var því lýst yfir að hún andmælti ekki kröfu um opinber skipti á búinu en ætlaði ekki að eiga aðild að ágreiningsmálinu.

### IV

Sóknaraðili heldur því fram að skipti á dánarbúi Soffíu Stefánsdóttur hafi aldrei farið fram þótt skiptaráðanda hafi borið skylda til að taka búið til skipta samkvæmt a-lið 5. gr. þágildandi laga um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., nr. 3/1878, þar sem Helga Stefáns Ingvarsdóttir hafi ekki verið komin til lögaldurs.

Sóknaraðili bendir á að hvorki liggi fyrir í málinu gögn um töku dánarbúsins til skipta né um skipun lögráðamanns fyrir Helgu. Er vefengt af hálfu sóknaraðila að Kristján F. Björnsson hafi fengið formlega skipun til að gegna þeim starfa, auk þess sem bent var á til upplýsingar við flutning málsins að Kristján hafi verið móðurbróðir Magnúsar Einarssonar í Munaðarnesi, ekkils Soffíu, og jafnframt bróðir þáverandi sýslumanns í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Guðmundar Björnssonar.

Sóknaraðili telur að ekki hafi verið leitt í ljós með erfðafjárskýrslum eða skuldabréfi útgefnu af Magnúsi til Helgu að skiptum búsins hafi verið lokið. Er jafnframt vefengt að Helga hafi fengið móðurarf sinn með nokkru móti. Telur sóknaraðili að sú ráðstöfun sem fólst í útgáfu skuldabréfsins hafi verið alls ófullnægjandi og bendir í því sambandi á að ekki hafi verið gert ráð fyrir að Magnúsi bæri að greiða vexti af höfuðstól bréfsins vegna framfærslu barnsins. Telur sóknaraðili að þetta hafi hróplega farið í bága við lögboðna framfærsluskyldu sem hvíldi á Magnúsi gagnvart stjúpdóttur sinni.

Til stuðnings kröfu sinni vísar sóknaraðili til 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991.

### V

Varnaraðili heldur því fram að skiptum á dánarbúi Soffíu Stefánsdóttur hafi verið lokið í kjölfar andláts hennar. Til stuðnings þessu vísar varnaraðili til erfðafjárskýrslu vegna skiptanna og skuldabréfs Magnúsar Einarssonar vegna

greiðslu arfs til dóttur hinnar látnu, Helgu Stefáns Ingvarsdóttur, auk kvittunar fyrir greiðslu bréfsins. Í þessu sambandi telur varnaraðili engu breyta þótt ekki hafi fundist öll gögn sem snerta skiptin og bendir á að íbúðarhúsið að Steinum hafi brunnið árið 1949, en þar hafi búið Kristján F. Björnsson, hreppstjóri og fjárhaldsmaður Helgu. Þá kunni gögn einnig að hafa glatast við bruna íbúðarhússins í Munaðarnesi á fjórða áratug liðinnar aldar. Samkvæmt þessu telur varnaraðili með öllu haldlausa þá málsástæðu varnaraðila að búinu hafi aldrei verið skipt.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili sé ekki erfingi hinnar látnu og því geti hann ekki átt aðild að málinu. Að réttu lagi þurfi því dánarbú dóttur hennar að setja fram slíka kröfu.

Varnaraðili tekur fram að jörðin Munaðarnes hafi aldrei getað verið meðal eigna dánarbúsins. Ef búinu hefði aldrei verið skipt yrði einfaldlega að finna út hvaða eignir hefðu verið í búinu við andlát Soffiu og hvert hefði verið verðmæti þeirra á dánardegi hennar. Tekur varnaraðili fram að jörðin hafi verið þinglýst eign Magnúsar og síðan dóttur hans í um bráðum 90 ár.

Til stuðnings kröfu um álag á málskostnað vísar varnaraðili til 2. mgr., sbr. a-lið 1. mgr. 131. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Telur varnaraðili kröfu sóknaraðila algerlega haldlausa og málatilbúnaðinn tilefnislausan að öllu leyti. Bendir varnaraðili á að ekki hefði þurft annað en að kanna þinglýstar heimildir um jörðina Munaðarnes til að fá upplýsingar um skiptin. Á hinn bóginn hafi verið mikil fyrirhöfn fyrir varnaraðila að afla og kanna gögn á Þjóðskjalasafni, Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar og víðar.

## VI

Hinn 30. janúar 1930 andaðist Soffía Stefánsdóttir. Erfingjar hennar voru eftirlifandi maki, Magnús Einarsson, bóndi í Munaðarnesi, og dóttir hennar, Helga Stefáns Ingvarsdóttir, móðir málsaðila.

Eftir andlát Helgu 5. maí 2006 gátu erfingjar hennar sett fram kröfu um skipti á dánarbúi ömmu sinnar ef búinu var óskipt. Verður ekki fallist á það með varnaraðila að nauðsynlegt hafi verið að endurupptaka skipti á dánarbúi Helgu eingöngu í því skyni að setja fram kröfu um opinber skipti á búi móður hennar eða að gera hafi átt kröfuna fyrir hönd dánarbús Helgu. Á síðari stigum gæti hins vegar þurft að endurupptaka skipti á dánarbúi Helgu ef eignir kæmu til skipta.

Þegar Soffía andaðist var dóttir hennar ólögráða barn og því bar skiptaráðanda að taka dánarbúið til skipta samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. þágildandi skiptalaga nr. 3/1878. Jafnframt bar skiptaráðanda að skipa Helgu fjárhaldsmann, ef það hafði ekki þegar verið gert, sbr. 14. gr. laganna. Eftir að búið hafði verið skrifað upp og virt var skiptaráðanda heimilt að framselja búið til einkaskipta að fullnægðum þeim skilyrðum sem komu fram í 74. gr. laganna.

Varnaraðili hefur aflað frá Þjóðskjalasafni erfðafjárskýrslu 30. desember 1933, sem hefur að geyma yfirlit yfir eignir búsins og virðingu þeirra, og erfðafjárskýrslu 30. desember 1934 um erfðafjárskatt sem greiða bar af arfi til erfingja hinnar látnu. Á því árabili sem erfðafjárskýrslur voru teknar saman eða 18.

janúar 1934 gaf Magnús út skuldabréf til Helgu fyrir móðurarfi hennar og svarar fjárhæð þess til eigna búsin og fjárhæðar arfs samkvæmt fyrrgreindum erfðafjárskýrslum. Til tryggingar var sagt í bréfinu að Magnús veðsetti allar eignir sínar og var bréfinu þinglýst á jörðina Munaðarnes. Þá verða ekki bornar brigður á að sá sem undirritar skjöl fyrir hönd Helgu hafi verið skipaður fjárhalsmaður hennar vegna skiptanna en þessum skjölum var framvísað gagnvart sýslumanni. Að öllu þessu gættu þykir nægjanlega sannað að skipti hafi farið fram á búinu og breytir þá engu þótt ekki hafi fundist öll þau gögn sem snerta búskiptin. Samkvæmt þessu verður ekki tekin til greina krafa sóknaraðila um að dánarbú Soffíu Stefánsdóttur verði tekið til opinberra skipta. Er þess þá jafnframt gætt að engu breytir í þessu tilliti hvernig staðið var að uppgjöri gagnvart Helgu löngu eftir að skiptin fóru fram.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn svo sem í úrskurðarorði greinir. Að því gættu að sóknaraðili fékk þær upplýsingar frá sýslumanninum í Borgarnesi með bréfi 12. ágúst 2010 að engin gögn myndust um dánarbúið eru ekki efni til að taka til greina kröfu varnaraðila um að sóknaraðila verði gert að greiða álag á málskostnað samkvæmt 2. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991. Þeirri kröfu verður því hafnað.

Benedikt Bogason, héraðsdómari, kveður upp úrskurð þennan.

## **Ú R S K U R Ð R O R Ð:**

Hafnað er kröfu sóknaraðila, Ingvars J. Karlssonar, um að dánarbú Soffíu Stefánsdóttur, sem andaðist 26. janúar 1930 og var síðast til heimilis að Munaðarnesi í Borgarbyggð, verði tekið til opinberra skipta.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, Guðrúnu Soffíu Karlsdóttur, 300.000 krónur í málskostnað.

Benedikt Bogason